


Rannsóknir á seiðastofnum Laxár í Skefilsstaðahreppi árið 2008

Bjarni Jónsson og Eik Elfarsdóttir

Skagafirði 2008

VMST/08039



Veidimálastofnun Norðurlandsdeild

**Sæmundargata 1, 550 Sauðárkrókur. Sími: 580-6340, Bréfsími:580-6342
Veffang: www.veidimal.is Netfang: nordurlandsdeild@veidimal.is**

Inngangur og aðferðir

Hin árlega rannsókn á seiðastofnum Laxár í Skefilsstaðahreppi var framkvæmd 18. og 27. ágúst 2008. Í þeirri rannsókn fæst yfirlit yfir styrkleika seiðaárganga árinna, útbreiðslu, afkomu þeirra og vöxt sem notað er til að leggja mat á heildarástand fiskistofna árinna. Frá árinu 1983 hefur verið farið í slíkar könnunarferðir í Laxá nánast á hverju hausti og sambærilegar rannsóknir framkvæmdar.

Rafveitt hefur verið á sömu níu stöðunum í allnokkur ár. Veitt er víðsvegar um ána til að fá sem besta mynd af seiðabúskap vatnasvæðisins og eru veiðistaðirnir valdir með það fyrir augum að vera einkennandi fyrir hvern árkafla. Efsti rafveiðistaðurinn er við Bakdalsá en sá neðsti rétt ofan Sævarlands en einnig er veitt á einum stað á fiskgenga hluta Grímsár. Rafveiðistaðirnir voru 136 – 378 m² að stærð, veiðisvæðin voru minni þar sem meira var af seiðum eða að stæður í ánni leyfðu ekki stærra svæði. Veidd var ein umferð á hverjum stað.

Þéttleiki seiða er reiknaður út frá fjölda þeirra í hverjum árgangi á hverjum veiðistað. Þar sem stærð veiðisvæðis er þekkt gefur þetta seiðavísitölu, þ.e. fjölda seiða á hverja 100 m² $\text{þéttleiki} = (\text{fjöldi seiða} / \text{stærð veiðisvæðis m}^2) * 100\text{m}^2$ (tölur 1 - 3).

Öll seiði sem veiddust voru lengdarmæld og vigtuð áður en þeim var sleppt í ána aftur. Meðallengd og -þyngd allra laxaseiða var reiknuð ásamt ástandsstuðlum fyrir hvern árgang á hverjum stað (tölur 4-6). Ástandsstuðullinn er reiknaður út frá lengd og þyngd hvers seiðis og segir til um holdafar þess: $\text{ástandsstuðull} = (\text{þyngd}(gr) / \text{lengd}^3(cm)) * 100$.

Einnig var reiknuð út vísitala lífþyngdar allra árganga laxaseiðanna á hverjum stað út frá meðalþyngd hvers árgangs á hverjum veiðistað og þéttleika sama árgangs á sama stað: $lífþyngd \text{ á } 100 \text{ m}^2 = \text{meðalþyngd}(gr) * \text{þéttleiki á } 100 \text{ m}^2$ (tafla 7).

Heildarþéttleiki allra árganga laxa-, bleikju- og urriðaseiða í rafveiðum í Laxá í Skefilsstaðahreppi var tekinn saman fyrir árin 2001 – 2008 (töflur 8 - 13). Tvær mismunandi aðferðir voru notaðar við útreikningana:

Aðferð A: Allir staðir vega jafnt, óháð stærð þeirra, þéttleiki seiða er reiknaður á hverri stöð fyrir sig og síðan tekið meðaltal stöðvanna fyrir hvert ár: $\text{þéttleiki árinna} = \text{þéttleiki hvernar stöðvar fyrir hvert ár lagður saman} / \text{fjöldi stöðva}$ (töflur 8 - 10).

Aðferð B: Þéttleiki seiða reiknaður fyrir ána í heild fyrir hvert ár: $\text{þéttleiki árinna} = (\text{heildarfjöldi veiddra seiða í ánni} / \text{heildarflatarmál veiðisvæðis m}^2) * 100 \text{ m}^2$ (töflur 11 - 13). Í niðurstöðum og umræðum um þéttleika seiða í Laxá eftir árum er stuðst við útreikninga samkvæmt aðferð A.

Einnig voru tekin saman gögn um meðallengd, -þyngd og -ástandsstuðla allra árganga laxaseiða í ánni í heild árin 2001 – 2008 (töflur 14 - 16). Ekki voru öll seiði vigtuð árin 2001, 2003 og 2005, en meðalþyngd og meðalástandsstuðull var aðeins reiknaður fyrir vigtuð seiði. Sömuleiðis var vísitala lífþyngdar tekin saman fyrir sama árabíl (tafla 17).

Auk seiðarannsóknanna hafa hrogn verið grafin á vatnasvæði Laxár í Skefilsstaðahreppi undanfarin haust, oftast í ófiskgengum hliðarám sem henta fyrir uppeldi laxaseiða. Haustið 2008 voru mjög erfiðar aðstæður til hrognagraftrar vegna vetrarríkis á þeim tíma sem hrognin voru tilbúin. Í Grímsá þurfti að brjóta vakir í ísi lagða ána til að koma hrognum niður. Voru að þessu sinni grafin hrogn í Grímsá og í Laxá á Skíðastaðaeyrum.

Niðurstöður

Efsti rafveiðistaðurinn í Laxá í Skefilsstaðahreppi er rétt neðan Bakdalsár (staður 2, mynd 1). Þar veiddust haustið 2008 fjórir árgangar laxaseiða, eins árs til fjögurra ára seiði en ekki varð vart við vorgömum seiði þarna þetta árið (tafla 1, mynd 2a).

Rétt ofan Ambáttarár (staður 3, mynd 1) fannst mjög mikill þéttleiki vorgamalla laxaseiða auk þess sem vart varð við þriggja ára seiði (tafla 1, mynd 2a). Haustið 2008 var veitt örlítið ofar en undanfarin ár á stað sem líklega hentar seiðum nokkuð betur en fyrri staður.

Við ármót Engjalækjar og Laxár var rafveitt að venju (staður 4, mynd 1) og reyndist þar vera gríðarlegur þéttleiki vorgamalla laxaseiða, töluvert var af þriggja ára seiðum og vart varð við tveggja ára seiði (tafla 1, mynd 2a). Ekki sáust eins árs seiði við Engjalæk að þessu sinni, en í rafveiðunum 2007 fannst sá árgangur ekki heldur á þessum stað, þá vorgömul seiði (Eik Elfarsdóttir og Bjarni Jónsson, VMST/07038).

Rafveiðistaður 5 er við Illugastaði (mynd 1) og var þar að finna mikinn þéttleika vorgamalla laxaseiða eins og á stöðvunum tveimur fyrir ofan, einnig var þéttleiki eins- og þriggja ára seiða mikill en minna af tveggja ára seiðum (tafla 1, mynd 2b). Við Illugastaði veiddist að auki eitt tveggja ára bleikjuseiði og eitt eins árs urriðaseiði (töflur 2 og 3, myndir 3 og 4).

Fyrir neðan Herjólfstaðabrúna (staður 6, mynd 1) veiddust fjórir árgangar laxaseiða, vorgömul, eins-, tveggja- og þriggja ára. Þéttleiki vorgömlu seiðanna var mestur en þeirra tveggja ára minnstur (tafla 1, mynd 2b). Hvorki veiddust bleikju- né urriðaseiði á þessum stað (töflur 2 og 3).

Sömu fjórir árgangar laxaseiða veiddust á Skíðastaðaeyrunum (staður 6b, mynd 1) og á stöðunum tveimur þar fyrir ofan, þéttleiki tveggja yngri árganganna var nokkur en minna veiddist af eldri árgöngunum (tafla 1, mynd 2b). Auk laxaseiðanna fundust þar bæði vorgömul bleikju- og urriðaseiði (töflur 2 og 3, myndir 3 og 4).

Í Grímsá (staður 7, mynd 1) veiddust nú fjórir árgangar laxaseiða, vorgömul til þriggja ára gömul (tafla 1, mynd 2c). Mestur var þéttleiki vorgömlu seiðanna en mjög sjaldan hafa vorgömul laxaseiði sést í Grímsá áður. Einnig var töluvert magn seiða af hinum

árgöngunum (tafla 1, mynd 2c). Þau bleikjuseiði sem fundust í Grímsá voru vorgömul og tveggja ára (tafla 2, mynd 3).

Við Skíðastaðabrúna (staður 8, mynd 1) fundust aðeins tveir árgangar laxaseiða, vorgömul og eins árs. Þéttleiki vorgömlu seiðanna var töluverður en mun minna veiddist af eins árs seiðum (tafla 1, mynd 2c). Einnig varð vart við vorgömul bleikjuseiði (tafla 2, mynd 3).

Rafveiðistaður 9 er nokkru ofan við Sævarland (mynd 1), þar veiddist nú mjög mikið af eins árs laxaseiðum en einnig var þar nokkuð af bæði vorgömlum og tveggja ára seiðum (tafla 1, mynd 2c). Töluvert fannst einnig af vorgömlum bleikju- og urriðaseiðum auk eins árs urriðaseiða (töflur 2 og 3, myndir 3 og 4).

Laxaseiði hafa vaxið nokkuð vel víðast í Laxá í Skefilsstaðahreppi sumarið 2008, einna smæst eru þau í Grímsá en ekki er mikill munur á stærð þeirra eftir veiðistöðum á heildina litið (töflur 4 og 5). Vorgömlu seiðin voru aðeins minni en árið áður en seiði eldri árganganna stærri en síðustu tvö ár (töflur 14 og 15). Ástand seiðanna var mjög gott og ástandsstuðlar þeirra í langflestum tilfellum vel yfir 1 (tafla 6) og í meðallagi miðað við síðustu ár (tafla 16).

Heildarþéttleiki laxaseiða var mun meiri í Laxá en áður hefur sést og munar þar mestu um gríðarlegan þéttleika vorgamalla seiða (tafla 8). Þéttleiki bleikjuseiða var svipaður og undanfarin ár eða ívið minni (tafla 9) en urriðinn hefur aðeins verið að sækja í sig veðrið (tafla 10). Lífþyngd laxaseiða var nokkuð misjöfn milli staða en þar sem lífþyngd byggist á þyngd seiða og þéttleika þeirra vega stærri seiði alltaf mun meira í slíkum útreikningum en þau sem eru minni. Mest var lífþyngdin á stað 5 en þar var töluverð lífþyngd allra árganga, minnst var hinsvegar lífþyngdin á stað 2 þar sem lítið veiddist af öllum árgöngum (tafla 7). Á rafveiðistað 4 var mest lífþyngd vorgamalla og þriggja ára seiða, eins árs seiða á stað 9 og lífþyngd tveggja ára seiða var mest á stað 6 (tafla 7). Fjögurra ára seiði veiddust aðeins á stað 2. Á heildina litið var lífþyngd nokkuð meiri í Laxá í Skefilsstaðahreppi en undanfarin ár (tafla 17).

Umræður

Laxaseiði voru vel dreifð um Laxá í Skefilsstaðahreppi haustið 2008 og á það við um alla árgangana. Hrygning virðist þó ekki hafa tekist mjög vel í efri hluta árinna haustið 2006 þar sem fá vorgömul seiði fundust þar í rafveiðunum 2007 og árgömul seiði 2008. Sá árgangur er þó í góðum þéttleika annarsstaðar í ánni. Gríðarlegt magn fannst af vorgömlum seiðum á kaflanum frá Ambáttará að Illugastöðum og þéttleiki árgangsins var einnig töluverður þar fyrir neðan. Mjög misjafnt er hve mikið finnst af vorgömlum seiðum í rafveiðum ár hvert þar sem það tekur seiðin nokkurn tíma að dreifa sér um árnar fyrsta árið. Sem dæmi um það skiluðu vorgömlu seiðin frá 2007 sér mun betur sem árgömul seiði í veiðunum 2008 á flestum stöðum en hægt var að þora að vona. Það að sjá svona mikið af vorgömlum seiðum á svona mörgum rafveiðistöðum 2008 gefur til kynna að hrygning hafi tekist vel haustið 2007 og spennandi verður að sjá hvernig árgangurinn skilar sér milli ára.


Einnig fannst meira af þriggja ára seiðum í Laxá í rafveiðunum 2008 en lengi hefur sést. Sá árgangur var mjög stór í ánni haustið áður en seiðin voru þá mjög misstór, stærri seiðin gengu því til sjávar vorið 2008 en minni seiðin voru enn í ánni í rafveiðunum um haustið og munu ganga út vorið 2009 ásamt hluta af þeim seiðum sem voru tveggja ára 2008. Ganga seiða til sjávar var með meira móti vorið 2008 og ólíklegt að hún verði síðri vorið 2009 ef allt gengur eftir. Ef laxarnir skila sér síðan vel til baka úr sjó má vænta stærri göngu laxa í ána, að minnsta kosti næstu tvö sumur en allmörg undanfarin ár.

Hrogn hafa verið grafin í Laxá og aðallega hliðarám hennar, Grímsá og Engjalæk frá haustinu 2002. Laxfiskar snúa aftur á uppeldisstöðvarnar til hrygningar en þar sem Engjalækur er ófiskgengur og Grímsá aðeins geng stutt, ganga kynþroska fiskarnir eins nálægt heimasvæðinu til hrygningar og þeir komast. Í Grímsá, fyrir neðan foss, fundust nú vorgömul laxaseiði í fyrsta sinn í fjölda mörg ár og það í töluverðum þéttleika. Hrygning hefur sjaldan fundist þar áður en eldri árgangar laxaseiða ganga upp í Grímsá úr Laxá, svo langt sem þeir komast, og dafna þar vel. Þau vorgömlu seiði sem fundust í ánni haustið 2008 eru líklega að mestu afkomendur þeirra hrogn sem þar voru grafin


haustið 2002 og seiða sem sleppt var í ána fyrir ofan foss sama haust. Þeir fiskar hafa þá snúið aftur í ána til hrygningar haustið 2007. Hrogn hafa verið grafin í Grímsá á hverju ári frá 2002 og því má vænta þess að hrygningar verði vart í ánni í meiri mæli en áður næstu ár. Sömu sögu er að segja af staðnum fyrir neðan Engjalæk þar sem vorgömul seiði voru nú í gríðarlegum þéttleika, í læknum hafa þó ekki verið grafin hrogn öll árin og því ekki við slíku magni seiða að búast á hverju ári.

Laxá í Skefilsstaðahreppi hefur nú verið lokuð fyrir laxveiði í 8 sumur frá árinu 2000 en takmörkuð veiði var leyfð þar sumarið 2006. Það sumar veiddust aðeins 24 laxar í ánni en þéttleiki gönguseiðanna sem áttu að standa undir þeirri veiði var ekki mjög mikill og fyrirfram ekki hægt að búast við mikilli veiði það sumar. Nú horfir hinsvegar öðruvísi við, árangur þess uppbyggingarstarfs sem unnið hefur verið í Laxá undanfarin ár er farinn að skila sér og seiðauppeldi hefur aukist til muna í ánni. Ganga seiða úr ánni vorið 2008 var ein sú stærri í allmörg ár en þeir laxar ættu að skila sér í ána sem smálaxar sumarið 2009 og stórlaxar 2010, einnig er von á nokkuð stórri göngu úr ánni vorið 2009 sem kemur þá til baka sumrin 2010 og 2011.


Þrátt fyrir að gönguseiðaárgangar séu nú tiltölulega stórir getur margt annað spilað inn í það hvernig þeir skila sér í veiði og hafa aðstæður í hafi þar mikið um að segja. Laxastofnar árinna eru enn viðkvæmir og ekki ráðlegt að leggjast strax í veiði af fullum krafti. Veiðifyrirkomulag verður að vera með þeim hætti að ekki verði gengið um of á hrygningarstofn árinna. Veiðimálastofnun leggur því til að veiði verði leyfð í Laxá á 2 stangir í 32 daga, frá 16. júlí til 16. ágúst, sumarið 2009. Einungis verði heimilað að veiða á flugu og öllum löxum verði sleppt aftur í ána, hámarksveiði á stöng verði 5 laxar á dag. Veiðimenn geta haldið öllum bleikjum og urriðum sem þeir veiða á tímabilinu.






Mynd 1. Rafveiðistaðir í Laxá í Skefilsstaðhreppi








Mynd 2a: Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Laxá í Skefilsstaðahreppi haustið 2008.




Mynd 2b: Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Laxá í Skefilsstaðahreppi haustið 2008.



Mynd 2c: Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Laxá og Grímsá í Skefilsstaðahr. haustið 2008.



Mynd 3: Lengdar- og aldrisdreifing veiddra bleikjuseiða í Laxá í Skefilsstaðahreppi haustið 2008.



Mynd 4: Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í Laxá í Skefilsstaðahreppi haustið 2008.

Tafla 1: Þéttleiki veiddra laxaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100 m² á rafveiðistöðum í Laxá í Skefilsstaðahreppi haustið 2008.

Staður	Stærð (m ²)	Aldur				
		0+	1+	2+	3+	4+
Staður 2	456		0,22	0,44	0,22	0,22
Staður 3	180	37,78			0,56	
Staður 4	156	53,21		0,64	2,56	
Staður 5	203	30,54	9,36	1,48	4,43	
Staður 6	324	8,02	6,48	2,78	3,40	
Staður 6a	270	4,44	4,44	1,48	1,48	
Staður 7	256	9,38	3,91	2,73	4,69	
Staður 8	323	12,07	1,86			
Staður 9	207	3,86	19,32	1,45		

Tafla 2: Þéttleiki veiddra bleikjuseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100 m² á rafveiðistöðum í Laxá í Skefilsstaðahreppi haustið 2008.

Staður	Stærð (m ²)	Aldur			
		0+	1+	2+	3+
Staður 2	456				
Staður 3	180				
Staður 4	156				
Staður 5	203			0,49	
Staður 6	324				
Staður 6a	270	1,48			
Staður 7	256	0,78		1,56	
Staður 8	323	0,62			
Staður 9	207	3,38			

Tafla 3: Þéttleiki veiddra urriðaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100 m² á rafveiðistöðum í Laxá í Skefilsstaðahreppi haustið 2008.

Staður	Stærð (m ²)	Aldur			
		0+	1+	2+	3+
Staður 2	456				
Staður 3	180				
Staður 4	156				
Staður 5	203		0,49		
Staður 6	324				
Staður 6a	270	1,11			
Staður 7	256				
Staður 8	323				
Staður 9	207	9,66	1,45		

Tafla 4: Meðallengd, staðalfrávik og fjöldi laxaseiða af hverjum árgangi á hverri stöð í Laxá í Skefilsstaðahreppi í rafveiðum 2008.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+			4+		
	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Staður 2				5,50		1	9,10	0,00	2	14,00		1	15,8		1
Staður 3	4,26	0,22	68							14,10		1			
Staður 4	4,08	0,20	83				10,40		1	13,55	1,38	4			
Staður 5	3,96	0,24	62	7,03	0,45	19	9,73	0,72	3	11,53	0,76	9			
Staður 6	4,22	0,16	26	7,25	0,41	21	9,41	0,70	9	12,04	0,85	11			
Staður 6a	4,78	0,41	12	6,93	0,42	12	9,10	0,39	4	11,65	0,64	4			
Staður 7	3,41	0,30	24	6,44	0,62	10	9,39	0,62	7	11,38	0,92	12			
Staður 8	3,97	0,18	39	6,60	0,44	6									
Staður 9	4,05	0,36	8	6,47	0,73	40	9,70	0,75	3						
Heild	4,07	0,34	322	6,76	0,66	109	9,44	0,63	29	11,94	1,14	42	15,80		1

Tafla 5: Meðalþyngd, staðalfrávik og fjöldi laxaseiða af hverjum árgangi á hverri stöð í Laxá í Skefilsstaðahreppi í rafveiðum 2008.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+			4+		
	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Staður 2				1,60		1	8,50	0,14	2	34,10		1	55,1		1
Staður 3	0,82	0,14	68							31,10		1			
Staður 4	0,75	0,11	83				12,30		1	30,88	9,01	4			
Staður 5	0,67	0,15	62	3,83	0,73	19	10,33	2,80	3	17,37	3,30	9			
Staður 6	0,81	0,12	26	4,20	0,72	21	9,42	2,16	9	19,82	3,91	11			
Staður 6a	1,17	0,27	12	3,68	0,74	12	8,83	1,68	4	17,45	2,86	4			
Staður 7	0,40	0,12	24	3,01	1,04	10	8,91	1,70	7	16,56	3,92	12			
Staður 8	0,67	0,13	39	3,22	0,66	6									
Staður 9	0,69	0,18	8	2,96	1,10	40	10,40	1,91	3						
Heild	0,73	0,19	322	3,44	1,03	109	9,45	1,93	29	19,80	6,44	42	55,10		1

Tafla 6: Meðalástandsstuðlar, staðalfrávik og fjöldi laxaseiða af hverjum árgangi á hverri stöð í Laxá í Skefilsstaðahreppi í rafveiðum 2008.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+			4+		
	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Staður 2				0,96		1	1,13	0,02	2	1,24		1	1,40		1
Staður 3	1,05	0,12	68							1,11		1			
Staður 4	1,10	0,10	83				1,09		1	1,22	0,13	4			
Staður 5	1,06	0,15	62	1,09	0,07	19	1,10	0,12	3	1,12	0,09	9			
Staður 6	1,07	0,10	26	1,09	0,05	21	1,12	0,04	9	1,12	0,06	11			
Staður 6a	1,05	0,08	12	1,09	0,05	12	1,16	0,10	4	1,10	0,04	4			
Staður 7	0,98	0,13	24	1,09	0,05	10	1,07	0,03	7	1,11	0,06	12			
Staður 8	1,06	0,09	39	1,10	0,05	6									
Staður 9	1,02	0,09	8	1,06	0,06	40	1,13	0,05	3						
Heild	1,06	0,12	322	1,08	0,06	109	1,11	0,06	29	1,13	0,08	42	1,40		1

Tafla 7: Vísitala lífþyngdar (gr) laxaseiða á hverjum 100m² eftir aldri og rafveiðistöðvum 2008. Lífþyngd er reiknuð út frá meðalþyngd hvers árgangs og þéttleikamati.

Staður nr.	Vísitala lífþyngdar (gr/100m ²)					Samtals
	0+	1+	2+	3+	4+	
Staður 2		0,4	3,7	7,5	12,1	11,6
Staður 3	30,8			17,3		48,1
Staður 4	39,8		7,9	79,2		126,9
Staður 5	20,4	35,8	15,3	77,0		148,5
Staður 6	6,5	27,3	26,2	67,3		127,2
Staður 6a	5,2	16,3	13,1	25,9		60,4
Staður 7	3,7	11,8	24,4	77,6		117,5
Staður 8	8,1	6,0				14,1
Staður 9	2,7	57,2	15,1			74,9

Tafla 8: Heildarþéttleiki allra árganga laxaseiða í rafveiðum í Laxá í Skefilsstaðahreppi 2001-2008, reiknaður með aðferð A.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+	4+	1+ss	Heild
2001	8	4545		0,07	0,24	0,34	0,11		0,77
2002	9	4143	0,06	0,66		0,15	0,05		0,93
2003	10	5158	5,68	1,90	1,14	0,10		0,99	9,81
2004	9	3206	1,57	1,08	0,34		0,01		3,01
2005	9	3175	2,71	4,01	0,70	0,03			7,44
2006	9	3792	2,22	7,08	1,20	0,17			10,68
2007	9	2359	1,98	3,58	4,49	0,70			10,75
2008	9	2375	17,70	5,07	1,22	1,93	0,02		25,94

Tafla 9: Heildarþéttleiki allra árganga bleikjuseiða í rafveiðum í Laxá í Skefilsstaðahreppi 2001-2008, reiknaður með aðferð A.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+	4+	Heild
2001	8	4545	1,09	0,33	0,02		0,03	1,46
2002	9	4143	0,75	0,73	0,24	0,02		1,75
2003	10	5158	3,50	0,75	0,29	0,12	0,04	4,69
2004	9	3206	0,07	0,06	0,03			0,16
2005	9	3175	1,53		0,03			1,56
2006	9	3792	1,04	0,41	0,26			1,71
2007	9	2359	0,42	0,22	0,16			0,80
2008	9	2375	0,70		0,23			0,92

Tafla 10: Heildarþéttleiki allra árganga urriðaseiða í rafveiðum í Laxá í Skefilsstaðahreppi 2001-2008, reiknaður með aðferð A.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+	4+	Heild
2001	8	4545				0,01	0,03	0,04
2002	9	4143	0,06	0,04	0,05	0,04		0,20
2003	10	5158	0,84	0,31	0,01	0,13		1,29
2004	9	3206			0,06			0,06
2005	9	3175	0,31	0,15	0,10	0,03		0,59
2006	9	3792	0,03	0,19	0,04	0,04		0,29
2007	9	2359	0,98	0,08	0,06			1,12
2008	9	2375	1,20	0,22				1,41

Tafla 11: Heildarþéttleiki allra árganga laxaseiða í rafveiðum í Laxá í Skefilsstaðahreppi 2001-2008, reiknaður með aðferð B.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+	4+	1+ss	Heild
2001	8	4545		0,09	0,29	0,33	0,09		0,79
2002	9	4143	0,07	0,60		0,14	0,05		0,87
2003	10	5158	3,63	1,18	0,66	0,08		0,64	6,18
2004	9	3206	1,12	0,87	0,31		0,03		2,34
2005	9	3175	3,21	3,50	0,57	0,03			7,31
2006	9	3792	2,19	6,80	1,03	0,16			10,18
2007	9	2359	2,29	2,97	3,60	0,59			9,45
2008	9	2375	13,56	4,59	1,22	1,77	0,04		21,18

Tafla 12: Heildarþéttleiki allra árganga bleikjuseiða í rafveiðum í Laxá í Skefilsstaðahreppi 2001-2008, reiknaður með aðferð B.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+	4+	Heild
2001	8	4545	0,95	0,33	0,02		0,02	1,32
2002	9	4143	0,60	0,65	0,24	0,02		1,52
2003	10	5158	2,20	0,36	0,21	0,17		2,93
2004	9	3206	0,06	0,03	0,03			0,12
2005	9	3175	1,45	0,00	0,03			1,48
2006	9	3792	1,11	0,32	0,24			1,66
2007	9	2359	0,34	0,17	0,13			0,64
2008	9	2375	0,63		0,21			0,84

Tafla 13: Heildarþéttleiki allra árganga urriðaseiða í rafveiðum í Laxá í Skefilsstaðahreppi 2001-2008, reiknaður með aðferð B.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+	4+	Heild
2001	8	4545				0,02	0,02	0,04
2002	9	4143	0,07	0,05	0,05	0,05		0,22
2003	10	5158	0,47	0,25	0,02	0,06		0,79
2004	9	3206			0,03			0,03
2005	9	3175	0,25	0,13	0,06	0,03		0,47
2006	9	3792	0,03	0,18	0,03	0,03		0,26
2007	9	2359	0,51	0,08	0,04			0,64
2008	9	2375	0,97	0,17				1,14

Tafla 14: Meðallengd, staðalfrávik og fjöldi laxaseiða af hverjum árgangi á hefðbundnum rafveiðistöðum í Laxá í Skefilsstaðahreppi í rafveiðum 2001 - 2008.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+			4+/1+ss*		
	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
2001				5,88	0,64	4	8,48	0,50	13	11,33	1,20	15	13,40	0,95	4
2002	4,57	0,12	3	6,44	0,78	25				11,30	1,23	6	14,75	0,64	2
2003	5,91	0,59	187	8,18	0,54	59	10,15	0,48	20	11,89	0,80	20	12,27*	1,02	12
2004	4,93	0,38	36	8,56	0,97	28	10,35	0,35	10				15,20		1
2005	4,22	0,43	203	7,03	0,82	113	11,86	1,50	25	13,60		1			
2006	2,96	0,40	83	6,03	0,59	258	8,82	0,94	39	10,70	1,33	6			
2007	4,29	0,25	54	6,43	0,61	70	9,12	0,96	85	11,91	1,43	14			
2008	4,07	0,34	322	6,76	0,66	109	9,44	0,63	29	11,94	1,14	42	15,8		1

Tafla 15: Meðalþyngd, staðalfrávik og fjöldi laxaseiða af hverjum árgangi á hefðbundnum rafveiðistöðum í Laxá í Skefilsstaðahreppi í rafveiðum 2001 - 2008.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+			4+/1+ss*		
	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
2001**				2,03	0,54	4	6,29	1,12	12	14,01	5,03	9			
2002	0,47	0,06	3	2,49	0,63	25				15,07	5,16	6	34,30		2
2003**	2,46	0,75	49	7,12	2,39	29	11,34	1,26	14	18,79	4,80	18	22,15*	6,38	12
2004	1,36	0,33	36	7,76	2,67	28	12,91	1,23	10				43,80		1
2005**	0,79	0,28	169	3,80	1,49	112	20,67	8,58	25	29,30		1			
2006	0,28		83	2,42	0,74	258	7,75	2,95	39	14,93	5,48	6			
2007	0,86	0,19	54	2,97	0,89	70	8,51	2,92	85	20,49	8,32	14			
2008	0,73	0,19	322	3,44	1,03	109	9,45	1,93	29	19,80	6,44	42	55,1		1

** Aðeins var hluti seiðanna vigtaður árin 2001, 2003 og 2005 en meðalþyngd og ástandsstuðlar eru aðeins reiknaðir út frá vigtuðum seiðum.

*** 2006 voru fá vörgömul seiði einstaklingsvigtuð og aðeins reiknaðir út ástandsstuðlar fyrir þau.

Tafla 16: Meðalástandsstuðull, staðalfrávik og fjöldi laxaseiða sem veiddust á hefðbundnum rafveiðistöðum í Laxá í Skefilsstaðahreppi í rafveiðum 2001 - 2008.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+			4+/1+ss*		
	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
2001**				0,98	0,07	4	1,04	0,09	12	1,10	0,09	9			
2002	0,49	0,06	3	0,95	0,22	25				1,03	0,19	6	1,08	0,16	2
2003**	1,11	0,13	49	1,11	0,09	23	1,07	0,05	14	1,10	0,07	18	1,17*	0,11	12
2004	1,12	0,15	36	1,18	0,09	28	1,17	0,10	10				1,25		1
2005**	0,99	0,14	169	1,05	0,08	112	1,17	0,14	25	1,16		1			
2006***	0,96	0,20	8	1,08	0,13	258	1,09	0,11	39	1,17	0,07	6			
2007	1,08	0,11	54	1,09	0,08	70	1,08	0,07	85	1,15	0,09	14			
2008	1,06	0,12	322	1,08	0,06	109	1,11	0,06	29	1,13	0,08	42	1,40		1

** Aðeins var hluti seiðanna vigtaður árin 2001, 2003 og 2005 en meðalþyngd og ástandsstuðlar eru aðeins reiknaðir út frá vigtuðum seiðum.

*** 2006 voru fá vorgömul seiði einstaklingsvigtuð og aðeins reiknaðir út ástandsstuðlar fyrir þau.

Tafla 17: Vísitala lífþyngdar (gr) laxaseiða á hverjum 100m² eftir aldri árin 2001-2008.

Ár	Vísitala lífþyngdar (gr/100m ²)						Samtals
	0+	1+	2+	3+	4+	1+ss	
2001		0,1	1,5	4,8			6,4
2002		1,7		2,3	1,7		5,7
2003	12,8	11,0	10,3	1,5		23,6	59,2
2004	1,3	5,6	3,3		1,1		11,3
2005	1,7	14,9	11,3	0,9			28,8
2006	0,6	17,4	9,2	2,5			29,7
2007	1,7	10,6	36,2	13,4			61,9
2008	13,0	17,2	11,7	39,1	1,3		82,4